

**AUGLÝSING**

um viðauka og breytingar nr. 3 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 21. desember 1969.

Frá og með 10. ágúst 1970 gengur í gildi viðauki og breytingar nr. 3 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 21. desember 1969, útgefin í dag.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. júlí 1970.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Jón Thors.*

31. júlí 1970.

Nr. 275.

**AUGLÝSING**

varðandi hreindýraveiðar.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að hreindýraveiðar skuli eigi fara fram árið 1970, og er því frestað um sinn framkvæmd reglna nr. 263/1960, um hreindýraveiðar í Múlasýslum.

*Menntamálaráðuneytið, 31. júlí 1970.*

**F. h. r.**

**Birgir Thorlacius.**

3. desember 1970.

Nr. 276.

**AUGLÝSING**

um skipulag í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964, ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Svarfaðardalshrepps.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. desember 1970.*

**F. h. r.**

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*